

119 / 61 fundur

Fimmtudagskvöldið 20.des. 2001 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 16:10.

Mættir: Gunnlaugur Ólafsson, Henry Mór Ásgrímsson, Oddur Skúlason, Sigurður Ragnar Kristinsson, Þorsteinn Óla Þorbergsson og Björn Ingimarsson.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá.**1. Mál. Ákvörðun álagningarprósentu útsvars fyrir tekjuárið 2002.**

Oddviti bar fram þá tillögu að hámarksprósenta yrði nýtt þ.e. að útsvarsprósenta yrði 13.03%. Samþykkt samhljóða.

2. Mál. Ákvörðun um álagningarprósentu fasteignagjalda vegna ársins 2002.

Oddviti lagði fram þá tillögu að álagningarprósenta fasteignagjalda og önnur álagningarákvæði sveitarf. yrðu óbreytt frá því sem ákveðið var fyrir árið 2001. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Tillaga til Héraðsnefndar um varamann í félagsmála- og barnaverndarnefnd.

Sveitarstjóri bar fram þá tillögu að Sólveig Ólad. tæki þar sæti Samþykkt samhljóða.

4. Mál. Starfsmannamál.

Sveitarstjóri dreifði til fundarmanna drögum að bókun, svohljóðandi:

" Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að bjóða starfsmönnum áhaldahúss tímabundna ráðningarsamninga eða til loka janúar 2002. Fyrir lok þess tíma skal liggja fyrir ákvörðun um hvernig rekstri og mönnun áhaldarhúss skuli hagað í framtíðinni. Sveitarstjóra er falið að vinna tillögur til hreppsnefndar um málið og skulu þær liggja fyrir eigi síðar en 15. janúar n.k. . Þessi drög að bókun samþykkt samhljóða eftir ágætar umræður.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 16:55.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.